

HVAÐ VIÐ TEKUR

I

Það er algengt, að þeir sem minnst á lífið eftir dauðann, gera það á þann hátt að varla verður í því sambandi komist hjá því að nota orðið léttúð.

Það er talið sjálfsagt að eitthvað betra taki við þegar yfirum kemur, og að engum vanda sé að mæta, svo að á sama standi, þó að menn séu alls ófróðir um hvað í vændum er. Algeng er líka sú skoðun, að um þetta sé ekkert hægt að vita; og er það mikill misskilningur, enda hefir mjög mikið verið um þetta ritað sem menn nefna annað líf. En þó er það víst, að mjög þarf að beita greindinni við lestur slíkra ritverka, ef lesa á sér til gagns. Og getur þó illa farið, þó að slíkt sé reynt, ef ekki er nein vísindaleg leiðarstjarna til að fara eftir, eins og sjá má af dæmi hins nafnkunna Jesúmunks Herbert Thurstons. En hann ritar þannig í tímaritið *Parade*, júlí 1940; þýtt í *Morgunbl.* 19. 07. '40: „Síðastliðin tuttugu ár hefi ég eytt (ef til vill til ónýtis) miklum tíma í að rannsaka og bera saman ýmsan boðskap sem talinn hefir verið runninn frá öðrum heimi, en ekkert hefi ég rekist á, sem breytt hafi eða dregið úr fullkomnu vantrausti mínu á þeim upplýsingum, sem þannig eru fengnar. Frásagnir um lífið á öðrum sviðum, frá sagnaröndum . . . stangast á, hvar sem gripið er niður. Það er sjaldgæft að finna þessar frásagnir sammála um nokkurn skapaðan hlut.“

Það er ekki vafi á því, að Thurston hefir það réttilega grunað, að hann hafi varið tíma sínum ekki vel. Eigi að hafa slíks lesturs nokkur not að ráði, verður að lesa með frjálsum huga og nokkurri æfingu í vísindalegum samanburði og ályktunum. Og þá getur árangurinn orðið mikill. Það eru nú orðin nálega 28 ár sem ég hefi verið að ástunda þetta, sem

Thurston kveðst hafa gert í 20 ár með svo litlum árangri; en fyrir mér hefir niðurstaðan orðið mjög á aðra leið. Því að ég þykist viss um að hafa öðlast þekkingu á undirstöðuatriðum, sem mönnum ríður hið mesta á að vera ekki ófróðir um. Ég hefi þá líka gert mér mikið far um, að sá fróðleikur sem ég hefi aflað mér, gæti orðið öðrum að notum. Og er hér nú enn nokkur vottur þeirrar viðleitni.

II

Árið 1938 kom út í Norwich á Englandi bók sem heitir: *Onward Humanity. Life and Endeavour on the Heavenly Spheres and other Planets: Mannkyn á framfaraleið*. Framsókn lífsins á hinum himnesku sviðum og á öðrum jarðstjörnum. Höfundur er Alec Bussey, sem hefir fróðleik sinn aðallega frá föður sínum framliðnum, en hann hafði mikla stund lagt á náttúrufræði, þó að aðalævistarf hans væri annað. Miðillinn var Mrs. Cook í Norwich.

Bók þessi er stórfróðleg, réttnefnd tímamótabók og hefi ég þó hvergi séð hennar getið, nema í smágrein í *Light* eftir höfundinn sjálfan. Að bókin er merkileg kemur þegar fram í heiti hennar: Það eru ekki einungis hin „himnesku svið“ spíritista, sem rætt er um, heldur einnig líf á öðrum jarðstjörnum. En vitanlega kemur einnig í fyrirsögninni fram, að mjög er í bókinni blandað málum; því að það sem svo mjög ríður á að vita er nú einmitt það, að hin himnesku svið spíritismans er að finna á stjörnunum. Aldaskiptaeðli bókar þessarar kemur einnig vel fram í því sem haft er eftir mjög langt komnum íbúa annarrar stjörnu. Hann hvetur til að láta ekki hugfallast því að þeir tímar séu fyrir höndum, er framfarir muni hefjast á vorri jörð og öðrum skyldum. Og hann tekur alveg sérstaklega fram að öllu mannkyni jarðar vorrar muni þess auðið verða að lifa farsælla og fullkomnara lífi (s. 72-3). En á s. 37 er eftir öðrum haft: „Hin djúptæku og stórkostlegu tíðindi sem í vændum eru á jörðinni, miða fyrst og fremst að auknu gengi mannkynsins, en þó mun þetta einnig taka mjög til steinaríkis jarðarinnar.“ Og býst ég við að þetta muni þýða einkum það, að bættir hagir

og hugarfar mannkynsins muni hafa mikil og góð áhrif einnig á hina líflausu náttúru. S. 59 segir framliðinn: „Þér kann að þykja það undarlegt, en hugarfar mannanna sem löndin byggja, hefir gagngerð áhrif á veðurfarið.“

III

S. 22 og áfram, er fróðleg lýsing á því, hvað við tekur eftir andlátið (eða öllu heldur, líkamslátið). Vanalegast er það á bersvæði, en ekki í húsum inni, sem hinn framliðni veit fyrst af sér aftur, og hið fyrsta sem hann tekur eftir, er að landið í kringum hann er mjög líkt því sem gerist hér á jörðu. Hann stendur upp, litast um og undrast, og langar til að vita hvað um hann er orðið. [Hið vanalegasta mun vera, að hann áttar sig fyrst í stað alls ekki á því, að hann er framliðinn, hefir dáið.] Þá verður hann var við mann eða fleiri, sem stundum eru bjartir ásýndum, og stundum ekki. Einn þessara manna kemur nú til hans og yrðir á hann [í því skyni að hjálpa honum til að átta sig, en stundum líka til að blekkja hann og ginna.] Hafi hinn framliðni þekkingu til að bera, þá er auðvelt að hjálpa honum, og hann fer burt úr þessum stað með leiðtoga sínum. En margir eru fáfróðir, og eru mjög undrandi yfir því sem þeir sjá og heyra. Sumir gefa því alls engan gaum sem leiðtoginn segir, og sumir vilja jafnvel sofa áfram. En þeir sem þiggja hjálpina, fara með leiðtoganum til spítalans. Það er skóggarður víður og nokkur hús í. Í þessum stað er gert að því sem kann að ganga að hinum andlega líkama (!). Öll merki veikinda og slysa sem maðurinn hefir orðið fyrir í jarðlífinu, eru þarna afmáð, og einnig ellimörkin hverfa. [Það er af þessari lýsingu greinilegt, að það er ekki andlegur líkami sem hér ræðir um, heldur er verið að hjálpa hinum framliðna til að eignast líkama sem er eins líkamlegur og í lífinu hér á jörðu en fullkomnari, heill og heilbrigður og engri ellihrörnun háður.] Þvínæst koma frændur og vinir, sem á undan hafa farið, til fundar við hinn framliðna, og síðan er farið burt úr hressingarhæli þessu.

IV

Í bók Busseys er lítið sem ekkert af því sagt, að þeir sem koma fyrst til hins framliðna eru stundum illmenni, sem leitast við að ginna hann og leiða á glapstigu. Ekki heldur frá því, að hinn framliðni raknar stundum við í svartamyrkri og er lengi einn. En ekki þarf þó að halda, að slíkt komi fyrir þá sem góðgjarnir hafa verið og hegðað sér sæmilega. Hinir framliðnu heimildarmenn Busseys eru mjög hvetjandi þess, að hinn andvana líkami sé brenndur, og segja það miklu betra. Fróðlegt er að fréttu, að framliðinn Englendir vaknar upp á Englandi sem er „uppi yfir“ hinu jarðneska föðurlandi hans, Japani í slíkum Japan, o. s. frv. Sbr. „Íslendingabyggð á öðrum hnetti“ eftir Guðm. Davíðsson. En það er tekið fram, að það sé aðeins um stundarsakir, sem menn eru þannig ættjarðar- og þjóðernisbundnir, ef um nokkra framfaramenn er að ræða. Í bók Busseys kemur enginn skilningur fram á því, að ættjörð þessi „uppi yfir“ hinni jarðnesku, er í raun réttri tilsvareandi land á annarri jarðstjörnu, og að hinn endurskapaði líkami er engu síður jarðneskur en hinn látni, aðeins gerður af annarrar jarðar efnum.

V

Í sögu J. S. M. Wards af andláti og síðari ævi móður sinnar, má vel kenna stórfróðlega viðleitni handanað á því, að koma fram hinum svo mjög áriðandi skilningi á þessu undirstöðuatriði að líkami framlífsins er líkamlegur. Ward segir (í „A Subaltern in Spirit Land“) tvisvar frá dauða móður sinnar, og er hinn framliðni bróðir hans R. W. sögumaðurinn. R. W. sér „astral“ — líkamann (er svo er nefndur í bókinni) svífa yfir líkinu. Síðan verður frásögnin mjög óskýr. Fjórir af þeim framliðnu sem viðstaddir höfðu verið andlát Mrs. Ward, lyfta henni upp og bera hana burt. Einn þeirra, sem í lífinu hér á jörðu hafði verið læknir, segir við R. W.: „Vér ætlum að flytja móður yðar í nokkurskonar sjúkrahús“. (Sbr. lýsingu Busseys). Þeir koma að hárri girðingu, fara innum hlið, og eru þá komnir inn í mjög

stóran, yndisfagran trjá- og blómagarð. Þar eru óteljandi blómjurtir, fagrir grasvellir, tíguleg tré og blómpaktir runnar. Hér og hvar eru gosbrunnar, og silfurtærar ár renna eftir malarfarvegum. Sumstaðar breikka árnar mjög og verða að stærðar stöðuvötnum, þar sem ég sá báta, segir R. W.; orðin sem hann bætir þar við: Yes real boats (já raunverulega báta), benda til þess, að hann hafi orðið nokkurra efasemda var hjá bróður sínum. Bátunum var róið, en einn hafði þó segl uppi. Þarna á grundunum voru menn og konur á gangi, en margir voru í bátunum. Uppi yfir sungu fuglar af mikilli kæti, og fiðrildi flögruðu milli blómanna. „Þetta virtist mjög líkt gömlu móður jörð“ — segir R. W. — „en þó var einhver undarlegur munur sem ómögulegt er að lýsa, en þó var mjög verulegur.“

Munurinn var sá, að þetta var á annarri jörð, og hefði verið vel hægt að lýsa honum, ef ekki hefði þar skort viðtækni hjá J. W., hinum annars svo ágæta höfundi þessarar merkilegu bókar. Þegar inn í hús var komið, þá var þar um að litast eins og á nútíma sjúkrahúsi, aðeins meiri friður og fegurð en í þeim sjúkrahúsum sem sögumaður hafði séð á jörðinni. Og einnig er sá munur að í þessu sjúkrahúsi deyr enginn, og allir fá fullan bata sem þangað koma. Og þyrfti læknisfræðinni að fara svo fram hér hjá oss, að sama mætti segja um spítala hér á jörðu, enda gæti svo orðið. R. W. skilur nú þarna við móður sína sofandi, og tvær hjúkrunkonur hjá henni. En hann er auðsjáanlega ekki ánægður með skilninginn á því sem hann hafði sagt bróður sínum af láti móður þeirra og hvað síðan tók við, svo að hann reynir aftur (s. 197-200). Hann segir nú frá því hvernig dauft ljós kom fram í kringum höfuð hinnar deyjandi konu, og smátt og smátt losar allur ljóslíkaminn (astrallíkaminn, er höf. nefnir svo) sig, uns hann liggur í loftinu, svo sem fet uppi yfir því sem nú var að verða lík, og varð það til fulls, þegar ljóstaugin sem verið hafði á milli, slitnaði. En einnig eftir það var ljóslíkaminn sofandi. Hinn framliðni læknir — sem áður er getið um — og fólk hans, kom nú með sjúkrabörur og setti ljóslíkamann (!) á þær og fjórir menn tóku síðan

upp börurnar og báru burt og til sjúkrahússins í garðinum fagra eins og áður er getið um. Á eftir orðinu „sjúkrabörur“ segir R. W.: „Já, það er einmitt það sem ég á við“: „I mean what I say.“ Kemur þarna fram, að bróðurnum, J. W., muni hafa þótt eitthvað undarlegt, að fara skyldi þurfa með ljóslíkamann eins og þungan holdlegan líkama. Leynir það sér ekki, að einnig þessi önnur tilraun hins framliðna sonar til að gera bróður sínum skiljanlegt hvað gerst hafði, hefir mistekist. Flutningurinn frá jörðinni til annarrar stjörnu kemur ekki fram í frásögninni. En þó ætti það að vera ljóst, að það gat ekki verið ljóslíkaminn, sem lagður var á börur og 4 menn bera burt, heldur nýr holdlegur líkami, sem hið lýsandi lífaflsvæði, er hann nefnir astrallíkama (ljóslíkama) hafði skapað sér á annarri jörð. Sbr. líkamanir þær sem orðið geta á miðilfundum. Orðið astrallíkami þýðir eiginlega „stjörnulíkami“, svo að segja má, að orðið sjálft bendi þegar til sannleikans, þó að dulrænumenn hafi lagt í það ranga merkingu. Hinn endurskapaði líkami virðist oft fyrst um sinn, draga dóm af þeim sem látinn er, og þessvegna þarf að fara með hann á sjúkrahús til þess að laga hann og lækna. Ýmislegt bendir til þess, að hin framliðna kona sem af er sagt, hafi verið mjög feit og þung, heilablæðing hafði, að því er virtist, verið banamein hennar, og hún hafði legið lengi máttvana áður hún andaðist. Hún vaknar þarna á spítalanum eftir langan svefn, og segir þá, að hún eigi bágð með að trúa því, að hún sé dái. Hversvegna er ég hér, segir hún; ég hélt að þegar ég dæi, mundi ég losna úr höndum læknanna, en mér sýnist ég ennþá vera umkringd af læknum og hjúkrunarkonum. Og hún biður son sinn að taka sig burt af sjúkrahúsinu. En hann vill ekki, segir að hún verði að ná fullri heilsu áður. Móðir hans ætlar nú að sýna, að hún sé þegar orðin alheilbrigð, og fer fram úr rúminu; en þegar hún ætlar að reyna að ganga, hnígur hún niður á gólfið, þó án þess að meiða sig nokkuð. Eftir nokkra daga er hún orðin alveg heilbrigð. Öll sagan ber það með sér, að ekki er um skáldskap að ræða. Menn gæti að því t. d. hversu þessi endurtekning á tilrauninni til að lýsa dauða móðurinnar, er

óskáldleg. Það er sannleikurinn sem er verið að leitast við að segja í þessum stórmerkilegu bókum Wards, og þessvegna getum vér, ef vér aðeins lesum nógu vísindalega, fengið örugga vitneskju um sannleika sem höfundinum sjálfum var dulinn. Vér getum af frásögninni með vissu ályktað, að verið er að segja frá framlífi á öðrum jarðstjörnum, lífi sem er alveg eins líkamlegt og hér á jörðu, en betur eða verr, eftir því hvort hér (eða hérnæmin) hafði verið lifað uppávið eða á hinn veginn.

VII

R. L. Ward, sonur hinnar framlíðnu konu, segir mjög fróðlega frá sínum eigin dauða. (s. 30-35). Hann er í skotgröf sem sprengjum rignir yfir. Allt í einu fær hann ógurlegt högg, fellur og finnst hann halda áfram að falla. Hann er í svartamyrkri, og hans fyrsta hugsun er, að skotgröfin hafi hrunið saman vegna sprengingar, og hann sé lifandi grafinn. Hann finnur þó brátt, að rýmra er um hann en svo geti verið, og jafnvel rýmra en í skotgröf, og fer nú að finnast þetta kynlegt. Honum kemur ekki til hugar að hann sé dauður, en hann er eins og utan við sig og finnst sem allt í kring um hann sé einhvernvegin óverulegt. Nú dettur honum í hug að hann muni hafa særst, og þreifar á sér öllum hátt og lágt, en finnur hvergi nein missmíði. Hann fálmar nú fyrir sér og fer að hrópa, en enginn svarar, og þykir honum það ekkert undarlegt, vegna drynjandans frá fallbyssunum, sem hann heyrir alltaf. Þá ætlar hann að fá sér reyk, en finnur ekkert af því sem til þess þarf. Hann er alltaf jafn undarlega dasaður, og tíminn er lengi að líða. Smátt og smátt fer hann nú að verða var við ný hljóð, og sjá eitthvað á kreiki í myrkrinu. Hann heyrir mannamál og hrópar, en enginn svarar. Þá heyrir hann greinilega, að einhver segir eitthvað á þýsku og hugsar sér nú heldur en ekki að hafa hægt um sig, heldur að e. t. v. hafi Þjóðverjarnir nú tekið skotgröfina sem hann og félagar hans höfðu varið svo lengi. Þá heyrir hann eitthvað öskrað á ensku. Því næst geysist fram hjá honum svartur og skuggalegur, iðandi mannfjöldi í áköfum bardaga, og augnabliki síðar er hin æðandi þvaga orðin allt í kring um

hann. Nú hleypir hann af skammybyssu sinni beint framan í Þjóðverja, en honum virðist hvergi bregða. Annar Þjóðverji keyrir byssusting sinn í brjóst honum, og finnur hann til rétt sem snöggvast, en heldur þó áfram að berjast og gleymir alveg þessum áverka. Hann grípur nú fyrir kverkar á manni, sem þrífur til hans á móti og detta þeir báðir og veltast á jörðinni, uns mennirnir sem ryðjast áfram í bardaganum, slíta þá hvorn frá öðrum. Bardagi þessi heldur lengi áfram, að honum finnst, þvöguna reiðir fram og aftur og hvorugir vinna á. Uppi yfir þeim gengur á með þrumum og eldingum, og blandast þar samanvið blossomir og drunurnar frá fallbyssunum. Í kringum þá er svartnætti, og hvorki sér tungl eða stjörnur. Svo undarlega bregður nú við, að gegnum allan dyninn þykist hann heyra greftrunarorð prests, og svo skófluhljóð sem alltaf heldur áfram. Hann hrópar nú til eins Þjóðverjans: Hvernig í fjandanum stendur á því að þú fellur ekki, ég hefi skotið þig til bana þrisvar sinnum. En hinn svarar: Hvernig ætti ég að deyja, flónið þitt; ertu ekki ennþá farinn að skilja, að vér erum allir dauðir hér, og meira að segja í helvíti, og að vér verðum að halda áfram að berjast án nokkurrar hvíldar endalaust. „Þú lýgur!“ hrópar Ward, en Þjóðverjinn hleypur þá að honum, rekur hann í gegn með byssustingnum, og segir síðan: ef þú ert ekki dáinn, því deyrðu þá ekki nú? Og Ward skilur, að Þjóðverjinn hefir rétt fyrir sér, ryðst út úr þvögunni og ætlar að finna sér stað, þar sem hann geti sest niður og í næði hugsað um það sem gerst hafði. En þó að hann haldi áfram að ganga í myrkrinu svo lengi, að honum finnst sem það ætli aldrei að taka enda, þá fer það alltaf á sömu leið, hann lendir aftur og aftur í þvögu framliðinna sem eru að berjast. En þó kemur þar að lokum, að hann finnur grjóthól þar sem hann getur sest niður og verið í friði. Nú þykist hann heyra rödd bróður síns (J. W.), sem hrópar til hans og biður hann að gefa sér eitthvert merki um það, að hann lifi enn, þó að hann hafi dáið; og gerir hann tilraun til þess. En fyrr en varir er hann aftur umkringdur af óðum bardagamönnum. Og enn flýr hann í tryllingi, yfir endalausum grjótmela, sandöldur og blautar

leirflatar, en stundum hrasar hann og fellur ofan í fen og polla. Loks kemur hann að vegi og hnígur þar niður. Nú heyrir hann aftur rödd bróður síns og reynir enn til að gera hann varan við sig á þann hátt sem honum geti orðið til huggunar, þó að hann sé sjálfur mjög huggunarþurfi. Hinar framliðnu bardagasveitir eru nú fjær honum og hann situr og er að reyna að átta sig á því sem fyrir hann hefir komið. „Hvar er ég?“ spyr hann sjálfan sig; er ég dauður? Hvar var ég? Hvað er þetta hryllilega martraðar land?“ Þjóðverjinn hafði sagt að hann væri í helvíti, en hann efast samt um að það sé rétt.

Eftir þetta kemur svo ferðalag Wards aftur eftir öldunum, eins og ég hefi getið um í greininni um sögudrauma. Tíminn sem fór í þetta allt, var í rauninni ekki langur, og í helvíti hafði hann ekki verið. Sagan er merkileg, og ekki ótrúlegt, að eitthvað þessu líkt taki við fyrir manni sem lætur líf sitt í orustu stórstyrjaldar. En af því að Ward er ekkert illmenni, heldur hafði aðeins gert skyldu sína sem hermaður, þá líður ekki á löngu áður en hann kemst á framfaraleið og lifir því lífi, sem honum finnst í alla staði taka stórum fram því sem hann hafði lifað hér á jörðu. Í formálanum fyrir þessari bók bróður síns, segir hann: „Þetta líf“ — sem hann lifir nú — „er í samanburði við það sem þér lifið, eins og ljúfur júnídagur í samanburði við niðdimma nótt í nóvember, og þó veit ég, að það er aðeins skuggi þess lífs, sem framundan oss er. Ef ég hræddist nokkuð, þá væri það það, að eiga einhverntíma að hverfa aftur til jarðarinnar og dvelja þar sem dauðlegur maður. . . . Ég lifi farsælu lífi“, segir hann „og allir þeir sem eru á framfaraleið. Lífið er fullt af áhugaefni og framtíðin ber ekki í skauti sínu neina dulda skelfingu. . . . heldur blasir við oss eins og gullinskínandi ljósbraut en meðfram henni vaxa hinar fegurstu blómjurtir er aldrei visna og við hverja bugðu á veginum kemur í ljós ennþá meir ljómandi land en áður.“

Mér virðist vanta nokkuð í þessar lýsingar á framlífinu, skilning á því, að þar sem vel vegnar, er allt fólkið í alla staði skemmtilegt. Viðfangsefnin eru sífellt vaxandi með hinni

vaxandi útsýn yfir heiminn, og aldrei bregst, að nægileg samtök geti orðið um það sem vinna þarf. En það sem mestu varðar að vér vitum er, hver nauðsyn er á því að frumlífinu, slíku sem lifað er á þessari jörð, sé breytt til þessa horfs, og hvernig á að fara að því. En það getur ekki orðið án þekkingar á undirstöðuatriðum. Langt fram á leið, a. m. k., eru jarðstjörnurnar (og sennilega, kulnandi sólrir) heimkynni lífsins, og meðan verið er að tala um „astral“ svið og andasvið er ekki komið á framfaraleið. Það sýnir eins og áður er á vikið, hver vandræði þessar röngu hugmyndir koma mönnum í, að „astral“ líkama ætti að mega kalla ljóslíkama eftir lýsingunni á honum við andlátíð; en öðrum þræði, er hann þó, um þyngd og fleira, alveg eins og hinn látni holdlegi líkami. Bardagar hinna framliðnu hermanna, sem að sumu leyti er líkt lýst og orustum Einherja, fara að því er J. W. heldur, fram á „astral“ sviðinu; í raun réttir fara þeir fram á annarri jarðstjörnu. Flutningurinn til annarrar jarðar kemur fram í því, að R. W. finnst, er hann hefir fengið banahöggið og fellur, sem hann sé sífellt að falla eða hrapa. Þegar hann loks stendur upp, þá er það ekki í skotgröfinni þar sem hann féll, heldur á illum og myrkum stað annarrar stjörnu; en í skotgröfinni liggur hinn helsærði, látni líkami hans.

S. 182 endurtekur R. W. lýsinguna á dauða sínum og segir: „Ég virtist rakna við undireins eftir dauða minn og hélt áfram að berjast með hinum „dauðu“ félögum mínum við „dauða“ Þjóðverja. Ég man ekki eftir, að ég hafi séð neina lifandi hermenn, og þó hljóta þeir að hafa verið þarna.“

Af þessu virðist mega ráða, að R. W. er ekki orðið ljóst, þegar hann er að reyna til að fræða bróður sinn, að bardagi hinna framliðnu hermanna fer alls ekki fram á vígvellinum þar sem þeir höfðu fallið, heldur á annarri jörð, alveg eins og það er á annarri jarðstjörnu sem 4 menn bera á börum, ekki ljóslíkama, heldur hinn endurskapaða holdlega líkama móður hans, eins og áður er sagt. Lífaflsvæðið („entelekh-

ían“) sem endurskapar líkamann, fer hnattanna á milli með, að heita má, óendanlega miklu meiri hraða en ljósið.

VIII

Tveir nafnkunnir enskir spíritistar í presta röð, Ch. Drayton Thomas og L. Tweedale, hafa ritað þykkar (og tilfinnanlega dýrar!) bækur, þar sem finna má fróðleg dæmi þess, hve erfitt er að koma fram, handanað, hinum rétta skilningi á þessum undirstöðuatriðum stjörnulíffræðinnar. Því að báðir þessir merkisprestar eru, þrátt fyrir allar slíkar tilraunir, sannfærðir um, að „andasviðin“ lyki um jörð vora, og þó án þess að hindra nokkuð útsýn til stjarnanna. Ég hefi í annarri ritgerð sagt nokkuð af því, hvernig framliðin skyldmennni Ch. Dr. Thomas reyna til að sannfæra hann um, að heimur framliðinna sé ekki einungis andlegur, að líkami þeirra sé af nokkru efni ger, slíku sem efnafræðin fæst við, að þar sem þau lifa sé andrúmsloft; og af því hversu þessi viðleitni þeirra reyndist alveg árangurslaus. En það sem Tweedale segir af slíku í nýjustu bók sinni (News from the next world, 1940: Fréttir frá öðrum heimi) er engu síður fróðlegt. „Aðaltilgangur ritsins er“, segir höf. í formálanum, „að varpa ljósi yfir það hvers eðlis það líf er, sem lifað er eftir dauða líkamans“, og þá einnig, hvar því er lifað. Þúsundir manna, segir hann, hafi skrifað sér víðsvegar af löndum síðastliðin 29 ár, og séu flestir sannfærðir um það að Sir Oliver Lodge hafi rétt fyrir sér í því, að „líf eftir líkamsdauðann“ hafi verið sannað með vísindalegum aðferðum; en þá langar ennfremur mjög til að vita hverskonar líf það er, sem lifað er eftir dauðann.

S. 118-19 segir frá því er höf. fær samband við Conan Doyle, og „þessi er boðskapur hans“: Jæja Tweedale, þá er ég kominn hér í Paradís. Það er ekki himnaríki seisei nei... Paradís er persneskt orð sem þýðir ekki „himnaríki“ heldur „skóggarður“... Ég er ennþá að hvíla mig...Þegar ég vaknaði var ég takmarkalaust undrandi yfir því hvað mér leið vel. Orð geta ekki lýst tilfinningum mínum, og einn sá fyrsti sem kom til að heilsa upp á mig var Crookes...“ Þessi

nafnkenndi efnafræðingur lætur sér nú mjög annt um að reyna til að fræða oss hér á jörðu um að lifað er áfram á öðrum jörðum, og Mrs. Olive Gillespie skrifar mér fyrir skömmu frá London, að Crookes hafi sagt á opinberum fjölmönnum miðilfundi þar í borg, að hann eigi í þessu efni samstarfsmann á Íslandi; en ekki gat hann nefnt nafn hans, og er það ekki að furða; hitt er miklu fremur undrunarvert, að honum skyldi takast að fá miðilinn til að nefna landið. — Doyle lofar Tweedale því, að hann skuli við og við senda honum lýsingar á umhverfi því, sem hann lifir í; en lítið virðist þó hafa orðið um efndir á því loforði, og þá líklega helst vegna þess, að viðtækni skorti þar hjá Tweedale, eins og mjög fróðlega kemur fram í því sem síðar segir. S. 127 er Doyle spurður: „Á hvaða andasviði ertu? („What sphere are you in?“) Og hann svarar: „Á engu enn sem komið er.“ S. 327 spyr Tweedale: „Hvar lifirðu nú? Hvar eru andasviðin (The spheres)? Er fyrsta stig andaheimsins á yfirborði þessarar jarðar?“ Og Stradivarius svarar: Ég er á jarðstjörnu sem er lík ykkar (I am on a planet like yours). Ég er nálægt yður (!)...Vér erum á jarðstjörnu við sína eigin sól sem er yðar sól.“ (Á óefað að vera: sem er **ekki** yðar sól.)

Þarna segir framliðinn berum orðum, svo að ekki virðist geta verið um neitt að villast, að hann eigi heima á annarri jarðstjörnu í öðru sólhverfi ; en Tweedale er jafnófróður eftir, alveg eins og Drayton Thomas, sem hafði fengið nákvæmlega samskonar upplýsingar um dvalarstað framliðinna. Því næst spyr Tweedale (og er ærið ófróðlega spurt): „Hversu mörg eru andasviðin (spheres)?“ Og ennfremur; „Umlykja þessi andasvið jörðina líkt og glóaldinhýði það sem innan í er eða líkt og andrúmsloftið?“ Eru svörin við spurningum þessum, eins og við er að búast, mjög út í hött. Og síðan segir hann: „Ef þessi andasvið eru uppi yfir jörðinni, hljóta þau að vera vorum augum gagnsæ, þar sem vér sjáum sól og stjörnur gegnum þau.“ S. 328 segir „andi“: „Vor veröld er alveg eins og yðar — vér höfum hús, þurrlendi, vatn og lönd.“ En þá segir Tweedale aftur: „Þá hljóta yðar svið að vera oss gagnsæ þar sem þau eru uppi yfir oss.“

Tweedale kemst jafnvel svo langt að spyrja (s. 327): „Er það sem skilur andasviðin nokkuð í líkingu við gólf?“ (Are the spheres separated by anything of the nature of a floor?). Svarið er, að það sé geimur sem skilur þau (by a space). S. 329 segir „andinn“ Tabitha: „Vér eigum heima á jörð, einni af þeim jörðum, sem andar eiga heima á.“ Og Tweedale spyr síðan: „Er það vor jörð?“ S. 337 segir hann við frænku sína framliðna: „Hvar áttu heima frænka? Er það á jörðinni?“ En hún svarar: Nei uppi, uppi þar sem þú talaðir um (líklega þegar hann prédikaði). Síðan spyr hann: „Er það á sól-stjörnu eða jarðstjörnu?“ En frænkan segir: „Ég veit það ekki.“ Og enn spyr hann: „Er það uppi í loftinu?“ „Mér er það ekki ljóst“, segir frænkan „en það er staður, og vér höfum hús og landskika og margskonar hluti.“

S.339 segir Conan Doyle honum: „Allt sem þið hafið á jörðinni höfum vér hér, en betur; fugla, fiska, tré og dýr, sem eru ekki grimm og geta birst yður jarðarbum.“ Við þetta gerir Tweedale þessa athugasemd: „Menn munu taka eftir því, að Sir Arthur segir, að á andasviðunum séu fuglar, fiskar, tré og dýr.“ En Conan Doyle hafði þó ekki sagt honum að þetta væri „á andasviðunum“; hann hafði jafnvel sagt honum, að hann ætti sjálfur ekki heima á neinu andasviði.

S. 341 talar Tweedale við hinn framliðna stjörnufræðing Sir Robert Ball og spyr: „Umlykja andasviðin sérhverja veröld eða jarðstjörnu?“ Sir Robert svarar: „Já, hver sól-stjarna hefir sínar veraldir eða jarðstjörnur, hver veröld eða jarðstjarna sín andasvið, og hver byggð jarðstjarna eða veröld sinn Krist.“ (Þessi síðastnefndu orð þýða líklega ekki annað en það, að á hverri mannlífsjörð í alheimi, verði einhver fyrst til að færa hugmyndirnar um lífið eftir dauðann inn á svið náttúrufræðinnar.)

Þetta eru býsna eftirtektarverðar spurningar og svör, og hefi ég þó sleppt ýmsu því sem vel sýnir, hvernig hinar vitlausu spurningar framleiða vitlaus svör. Og er mesta furða að þrátt fyrir þetta, skuli framliðnum þó stundum hafa tekist að segja afdráttarlaust hið rétta um framhald lífsins. En

því meiri furða, að séra Tweedale skuli vera jafn ófróður eftir, sem hann hefir lagt mikla stund á stjörnufræði; (og hann er hagleiksmaður svo mikill, að hann hefir sjálfur smíðað sér stjörnusjá). En hér kemur fram eins og oftár, hversu ramlega rangar fyrirframsannfæringar geta aftrað mönnum frá því að beita viti sínu. Og það er ekki ólíklegt að jafnvel eftir að yfirum kemur, muni slíkum mönnum ganga illa að átta sig á því, að þeir eru fluttir á aðra jörð, en ekki á eitthvert andasvið.

IX

Enginn má, af því sem ritað hefir verið, draga þá ályktun, að ég ætli að halda því fram, að hugmyndirnar um andasvið sem umlyki jörðina, séu án alls sambands við sannleikann. Jarðfræðingar og landfræðingar tala um hina ýmsu hluta hnattarins sem líposfære (grjóthvolf), hydrosfære, atmosfære. Hinn mikli jarðfræðingur Eduard Suess bætti þar við orðinu biosfære til að tákna lífsvið hnattarins. Og það er óefað ástæða til að bæta enn við nafninu bioradíosfære, aflsvæði lífgeislana, sem umlykur hnöttinn. Þegar heimsóknir verða hnatta á milli, þá er það á þessu aflsvæði sem gestirnir fara að líkamast, og íbúar hnattarins koma á móti þeim til að aðstoða þá í þessu, eins og ráða má af lýsingu Vale Owens á slíkri heimsókn, sem getið er um áður í þessari bók, og eins af fróðlegri lýsingu í bók Busseys. Framtíðin mun setja bæði jarðfræði og landfræði í samband við hina nýju lífgeislanafraði, því að sambandsmöguleikarnir við lífið á stjörnunum fara nokkuð eftir jarðlagi, landslagi og loftslagi. Og má þetta marka nokkuð af því t.d., hvernig Gyðingar og Arabar koma við sögu trúarbragðanna, og Tíbetingar, sem eru allra jarðarbúa „himninum næst“, við sögu dulrænunnar. En vísindin sköpuðust, þar sem torveldara var um sambandsáhrif, „opinberun“, „innblástur“ (inspiration), en meira um rökhugsun. Margt mun verða skiljanlegra en áður, í sögu mannkynsins, þegar menn læra að skoða hana meir í sambandi við þetta sem hér hefir verið

á drepið. Og þegar þýðing þess fer að verða ljós, mun starfað verða að því af meiri áhuga en áður hefir til verið á þessari jörð, að koma sambandinu við stjörnurnar í eins gott horf og framast er unnt.